



STARFSSTÖÐVAR



VERKÍS



Höfuðstöðvar Verkís.

Verkis er öflugt og framsækið ráðgjafarfyriertæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði. Áratuga reynsla og þekking skilar sér til viðskiptavina í traustri og faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum lausnum. Sem ein stærsta verkfræðistofa landsins leggur Verkís metnað í að leita bestu og hagstæðustu lausna hverju sinni.

Starfsemi Verkís skiptist í sjö svið, þar af fimm markaðssvið en einnig er starfrækt Starfsstöðvasvið og Stoðsvið. Markaðssviðin annars hvert um sig einn megin þjónustubátt stofunnar. Rekstur dreifðra útibúa tryggir þekkingu á staðháttum og aðgang viðskiptavina að sérfræðiþjónustu hvar sem er á landinu.

STARFSMENN

Hjá Verkís starfa yfir 300 hæfileikaríkir og skilvirkir einstaklingar víðsvegar um landið. Starfsmenn útibúanna hafa fjölbreytta menntun, víðtæka reynslu

og þekkingu en hafi útibúið ekki þá sérfræðiþekkingu sem þarf innan sinna vébanda sækir það þekkingu og mannskap frá öðrum starfsstöðvum Verkís. Sérfræðiþekking starfsmanna Verkís spannar allar þarfir framkvæmda- og rekstraraðila, allt frá fyrstu hugmynd til loka verkefnis. Að auki hafa þeir mikla þekkingu og reynslu af margháttuðum rekstrar- og viðhaldsverkefnum.

SÉRSTAÐA

Á einum og sama stað geta viðskiptavinir sótt alla hefðbundna verkfræðiráðgjöf, auk þeirrar stoðþjónustu sem nú er orðin órjúfanlegur hluti af undirbúningi og rekstri flókinna verkefna. Starfsemin og þar með öll okkar þjónusta er unnin eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 staðlinum en auk þess fylgir Verkís metnaðarfullri stefnu í öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum.



Hluti af hinum fjölbreytta og hæfileikaríka hópi sem starfar hjá Verkís.

AKRANES



Skrifstofa Verkís á Akranesi.

Útibú Verkís á Akranesi var stofnað árið 2005. Útibússtjóri er Einar Bjarndal Jónsson.

Útibúið veitir alla almenna verkfræðiþjónustu og hefur mikla reynslu á sviði burðarvirkja, lagna og loftræsingar, vega- og gatnahönnunar, fráveitukerfa, ráðgjafar og verkefnastjórnunar við undirbúning framkvæmda sem og eftirlit með framkvæmdum.

Verkís á Akranesi þjónar aðallega Akranesi, Hvalfirði og nágrenni en sinnir einnig rafmagnsmálum almennt á Vesturlandi og víðar vegna sérhæfingar í einingahúsum.

Helstu verk:

- Einingahús frá Loftorku og Smellinn
- Leikskólinn Skýjaborg
- Stjórnsýsluhús Hvalfjarðarsveitar
- Apótek Vesturlands
- Sjúkrahús og heilsugæslustöð Akranesi
- Skoðunarstöð Frumherja á Akranesi
- Nautastöð Bændasamtaka að Hesti í Borgarbyggð
- Tónlistarskólinn og bókasafnið Akranesi
- Fjölbrautaskólinn á Akranesi
- Þjóðgarðsmiðstöðvar á Skriðuklaustri og Hellissandi
- Þjónustuver og tæknideild Akraneskaupstaðar
- Orkuveita Reykjavíkur
- Faxaflóahöfn
- Elkem Grundartanga
- Century Aluminum Grundartanga
- Sementsverksmiðjan



Horft yfir Akraneshöfn, Akrafjall í bakgrunni.

AKUREYRI



Skrifstofa Verkís á Akureyri.

Útibú Verkís á Akureyri var stofnað árið 1962. Útibússtjóri er Jónas Karlesson.

Útibúið veitir alla almenna verkfræðiþjónustu og hefur mikla reynslu á sviði burðarvirkja, lagna og loftræsingar, rafkerfa, s.s. smáspennukerfa og háspennuvirkja, gatnahönnunar og fráveitukerfa. Að auki hefur Verkís mikla reynslu af ráðgjöf, verkefnastjórnun og eftirliti með framkvæmdum.

Verkís á Akureyri þjónar öllu Norðurlandi þó flest verkefni séu á Akureyri og nærliggjandi byggðarlögum en verkefni hafa einnig verið unnin í öðrum landsfjórðungum.

Helstu verk:

- Aflþynnuverksmiðja Becromal
- Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri
- Fráveitukerfi Akureyrar
- Hafnargerð við Eyjafjörð
- Héðinsfjarðargöng, Óshlíðargöng og Vaðlaheiðargöng
- Hitaveita Akureyrar
- Íþróttahús Akureyri, Ólafsfirði og Varmahlíð
- Sundlaug á Hofsósi
- Tengivirkihús og tengivirki á Rangárvöllum og í Krossanesi
- Lagarfossvirkjun og tengivirki
- Verslunarmiðstöðin Glerártorg
- Mjólkursamsalan, Akureyri



Öldrunarheimilið Hlíð á Akureyri.

BORGARNES



Skrifstofa Verkís í Borgarnesi.

Útibú Verkís í Borgarnesi var stofnað árið 1972. Útibússtjóri er Einar Bjarnald Jónsson.

Útibúið veitir alla almenna verkfræðipjónustu og hefur mikla reynslu á sviði burðarvirkja, lagna og loftræsingar, vega- og gatnahönnunar, fráveitukerfa, ráðgjafar og verkefnastjórnunar við undirbúning framkvæmda sem og eftirlit með framkvæmdum

Verkís í Borgarnesi þjónar öllu Vesturlandi og hefur tekið þátt í uppbyggingu sveitarfélaga og atvinnufyrirtækja einkum í Borgarfirði, á Snæfellsnesi og Akranesi.

Helstu verk:

- Íþróttahús og sundlaug í Borgarnesi og á Stykkishólmi
- Grunnskóli í Borgarnesi
- Sýsluskrifstofa í Borgarnesi og á Stykkishólmi
- Stjórnsýsluhús í Borgarnesi
- Íbúðir fyrir aldraða í Borgarnesi
- Vatnsveita fyrir Borgarnes og Borgarfjörð
- Vatnsveita fyrir vatnsverksmiðju í Rífi
- Verkfræðihönnun ýmissa bygginga á Vesturlandi
- Hönnun gatna og veitulagna á Vesturlandi
- Aðveita hitaveitu frá Deildartungu
- Dreifikerfi hitaveitu í Borgarnesi og á Hvanneyri
- Menntaskóli Borgarfjarðar



Menntaskóli Borgarfjarðar

Helstu verk:

- Kárahnjúkavirkjun
- Leikskólinn Skógarland
- Fjarðaál Reyðarfirði
- Gróðrastöðin Barri
- Reiðhöll Iðavöllum
- Vegur um Hólmaháls
- Brú yfir Rangá
- Grímsárvirkjun
- Þórshöfn, gatnagerð
- Miðbær Fljótisdalshéraðs
- Fjarðarárvirkjun



Mælingamaður frá Verkís að störfum á Reyðarfirði.

ÍSÁFJÖRÐUR



Skrifstofa Verkís á Ísafirði.

Útibú Verkís á Ísafirði var stofnað árið 1967. Útibússtjóri er Árni Traustason. Útibúið, sem þjónar öllum Vestfjörðum, veitir alla almenna verkfræðiþjónustu og hefur mikla reynslu á sviði burðarvirkja, lagna og loftræsingar, vega- og gatnahönnunar, fráveitukerfa, ráðgjafar og verkefnastjórnunar við undirbúning framkvæmda sem og eftirlit með framkvæmdum. Útibúið hefur mikla reynslu af eftirliti við ýmiskonar framkvæmdir.

Helstu verk:

- Óshlíðargöng og Dýrafjarðargöng
- Lenging Bíldudalsflugvallar
- Háspennustrengur milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur
- Breytingar á plastbátum
- Þjónustumiðstöð N1 á Ísafirði
- Endurbætur á Þingeyrarflugvelli og nýr flugturn á Ísafirði
- Grunnskólinn á Ísafirði
- Hlíf, íbúðir aldraðra á Ísafirði
- Snjóflóðavarnir
- Byggingafulltrúastörf í Súðavík
- Nýjar brýr á Múlaá og Ísafjarðará
- Gatna- og lagnahönnun



Börn við smíðar í grunnskóla Ísafjarðar.

SELFOSS



Skrifstofa Verkís á Selfossi.

Útibú Verkís á Selfossi var stofnað árið 2003. Útibússtjóri er Ari Guðmundsson.

Útibúið veitir alla almenna verkfræðipjónustu og hefur mikla reynslu á sviði burðarvirkja, lagna og loftræsingar, vega- og gatnahönnunar, veitukerfa, ráðgjafar og verkefnastjórnunar við undirbúning framkvæmda sem og eftirlit með framkvæmdum

Verkís á Selfossi þjónar öllu Suðurlandi og hefur tekið þátt í uppbyggingu sveitarfélaga, s.s. hönnun og eftirliti bygginga, veitulagna og gatna. Þá hefur útibúið unnið allmörg verkefni á sviði tjonamats og áætlana.

Helstu verk:

- Byko Selfossi
- Þjónustumiðstöðvar N1, Selfossi og Hveragerði
- Íþróttahúsið Iða, Selfossi
- Grunnskóli Bláskógarbyggðar
- Umferðargreining Laugarvatni
- Smyrilaheiði 1-44, Hveragerði
- Tengivirki við Sultartanga
- Íþróttamannvirki Ölfusi
- Reykjavegur, Bláskógabyggð
- Skrifstofa- og þjónustubygging Suðurlandsvegi 1-3, Hellu
- Ýmis veituverkefni
- Tjónamat og tjónnæmismat vegna jarðskjálfta



Íþróttahús Iðu, Selfossi.

